


VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild
Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími 95-6599

Miðfjarðará 1987

Tumi Tómasson



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

VMST-N/88003
Hólum, janúar 1988

RANNSÓKNIR Á LAXASTOFNUM MIÓFJARÐARÁR 1987

Athuganir á laxastofnum Miófjarðarár hafa verið kerfisbundnar og vaxandi á undanförunum árum. Markmið okkar með þessum athugunum er að skilja betur hvað veldur sveiflum í laxgengd og hvaða ræktunaraðferðir séu líklegastar til að bæta veiðina.

Veiðimenn hafa sýnt rannsóknunum mikinn skilning og aðstoðað við öflun upplýsinga, m.a. með skráningu á merktum löxum, lagt til hausa af örmerktum löxum og leyft töku hreistursýna af löxum sem þeir hafa veitt. Við metum þetta samstarf mikils og viljum því reyna að miðla til ykkar því helsta sem er að gerast á hverjum tíma. Vilji einhverjir fá nánari upplýsingar er þeim velkomið að hafa samband við undirritaðann.

VEIÐIN 1987

Alls veiddust 1076 laxar, þar af voru smálaxar (laxar sem sneru aftur eftir eins árs dvöl í sjó, mest 4-6 pund) 385. Stórlaxinn gekk snemma og það, ásamt óvenju litlu vatni, varð til þess að hann veiddist illa. Smálaxinn gekk seint og hann var fremur smár og minna af honum en búist hafði verið við. Veiðin varð því lakari en gert hafði verið ráð fyrir, þótt tæplega hafi verið um neina hörmung að ræða.

Laxrækt á ólaxgengum svæðum styrkti smálaxagönguna óverulega síðastliðið sumar, því sumarið 1984 var ekki sleppt seiðum á þessi svæði vegna uppákomu í eldisstöð. Á móti kom að ástand náttúrulegra stofna var gott og því átti þetta ekki að koma eins að sök. Líklega hafa aðstæður á göngutíma seiðanna vorið 1986 eða vaxtarskilyrði í sjó orsakað óvenju mikil afföll. Ekki er heldur útilokað að þessi lax muni skila sér hlutfallslega betur sem stórlax nú í sumar.

Í smálaxagöngunni voru 36 (9%) laxar upprunnir úr smáseiðasleppingum, minnst í Vesturá og Miófjarðará (4%), en mest í Núpsá og Austurá (21%). Af stórlöxum voru alls 164 (24%) upprunnir úr smáseiðasleppingum, minnst í Vesturá (3%) og mest í Austurá (34%). Alls veiddust á stöng 25 örmerktir laxar úr gönguseiðasleppingum, þar af 21 (5%) smálax. Í heildina má því rekja um fimmta hvern lax sem veiðimenn drógu úr Miófjarðará sumarið 1987 til seiðasleppinga.

NÁTTÚRULEGIR SEIÐASTOFNAR

Ástand náttúrulegra seiðastofna er almennt nokkuð gott, en búast má við að mjög mikil hrygning í Austurá 1986 geti dregið dilk á eftir sér. Þéttleiki smáseiða er nú mikill

á Austurá og þegar er farið að bera á minnkandi vaxtarhraða, sem leiðir til lengingar ferskvatnsdvalar og minnkandi framleiðslu gönguseiða þegar fram í sækir.

SEIÐAFRAMLEIÐSLA Á ÓLAXGENGUM SVÆÐUM.

Eins og getið var um hér að framan var ekki sleppt smáseiðum á Ólaxgeng svæði sumarið 1984. Seiðin dveljast flest 2 ár í ánni, en misstór hluti þarf þriggja ára dvöl til að ná gönguproska.

Með greiningu hreisturs af veiddum lögum hefur árangur smáseiðasleppinga 1981 og 1983 verið áætlaður 0.74% og 0.87%. Þetta eru fremur lágar heimtur úr smáseiðasleppingum. Rafveiðar og aðrar athuganir benda til að 30 000 seiða slepping 1985 ætti að skila sér mun betur. Fyrstu heimtur úr þeirri sleppingu munu koma fram sem smálax nú í sumar.

GÖNGUSEIÐASLEPPINGAR

Slepping gönguseiða hefur verið fastur liður í ræktunarstarfinu undanfarandi ár. Þessar sleppingar hafa gefið frá 0% upp í 1.4% heimtur. Árin 1986 og 1987 var sleppt 5000 seiðum hvort sumar, þar af 2500 í sleppitjörn við Núpsá og 2500 niður við Ósa. Síðastliðið sumar heimtust alls 23 smálaxar úr þessum sleppingum, þar af 14 úr sleppingunum við Núpsá. Lax sem heimtist úr þessum sleppingum veiðist ofar í árkerfinu hafi honum verið sleppt framarlega.

RANNSÓKNIR Í NÚPSÁ

Eins og veiðimenn urðu varir við síðastliðið sumar er nú unnið að sérstöku rannsóknarverkefni í Núpsá. Laxar sem gengu upp ána voru veiddir í gildru, merktir og sleppt aftur. Gönguseiði á leið til sjávar voru veidd á aðra gildru, örmerkt og þeim sleppt. Til samanburðar var sleppt gönguseiðum úr eldisstöð.

Alls gengu uppfyrir gildruna 151 lax, 131 stórlax og 20 smálaxar. Á stöng veiddust 86 laxar, eða 57%. Stórlaxinn gekk mest í júní og júlí, en smálaxinn gekk ekki fyrr en viku af ágúst.

Villt gönguseiði byrjuðu að ganga til sjávar um miðjan júní, en aðalgangan var frá 19. til 29. júní. Alls veiddust um 2 100 seiði, þar af voru 2000 örmerkt. Prufur voru teknar af 81 seiði, og reyndust 48% þeirra vera upprunnin úr smáseiðasleppingunni 1985. Aldur náttúrulegra seiða var 3-5 ár, 3.5 ár að meðaltali.

Sleppiseiðin gengu heldur seinna niður, en flest gengu 6. til 8. júlí, og virtust þá til alls líkleg, jafnvel að koma heim aftur eftir 1-2 ár. Við fáum fyrstu vísbendingu um það í sumar.

Jafnframt voru stór laxaseiði, sem líklegt má telja að færu til sjávar sama sumar, rafveidd og merkt snemma í maí. Þetta voru alls um 1000 seiði úr Urriðáá og Núpsá.

AÐ LOKUM

Veiðimálastofnunin leggur mikla áherslu á að rannsóknum í Miðfjarðará verði haldið áfram og telur að úr þeim muni fást mikilvægar upplýsingar um hvernig sé best að standa að ræktunarstarfinu í framtíðinni. Við eigum von á að mikill fjöldi örmerktra laxa mumi veiðast í Miðfjarðará í sumar. Nú sem endranær treystum við á gott samstarf við veiðimenn.

Að endingu vil ég þakka veiðimönnum samstarfið á liðnum árum og óska ykkur góðrar veiði og ánægjulegra vista við Miðfjarðarárnar í sumar.

Tumi Tómasson
fiskifræðingur
Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar
Hólum í Hjaltadal
sími 95 - 6599